

AUGLÝSING**239**

31. des.

um jarðræktarsamþykktir.

Í samræmi við lög nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð frá 20. febrúar 1946, og jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða frá 21. febrúar 1947, hafa á árinu 1948 eftirtaldar jarðræktarsamþykktir hlotið staðfestingu:

1. Ræktunarsamþykkt fyrir 9. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Ögurreppi og Reykjarfjarðarhreppi), 30. janúar 1948.
2. Ræktunarsamþykkt fyrir 7. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Búnaðarfélagin í Vestur-Ísafjarðarsýslu, 6 að tölu), 17. febrúar 1948.
3. Ræktunarsamþykkt fyrir 6. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Búnaðarfélag Ketildalahrepps og Búnaðarfélag Suðurfjarðahrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu), 24. febrúar 1948.
4. Ræktunarsamþykkt fyrir 8. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Búnaðarfélag Hólshrepps, Búnaðarfélag Eyrarhrepps og Búnaðarfélag Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu), 5. marz 1948.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

REGLUR**240**

31. des.

um loftskeytamenn í íslenskum loftförum.

Samkvæmt reglugerð nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um próf og starfskirteini loftskeytamanna í loftförum.

1. gr.

Enginn má starfrækja loftskeytastöð í íslenskum loftförum í flugi, nema hann hafi í höndum „skirteini loftskeytamanna í loftförum“, er póst- og símamálastjórnin gefur út.

2. gr.

Enginn getur orðið handhafi slíks skirteinis, nema hann hafi sannað hæfni sína með prófi.

Sá, sem óskar að ganga undir próf loftskeytamanna í loftförum, skal með minnst 14 daga fyrirvara senda póst- og símamálastjórninni eiginhandar umsókn um að mega ganga undir slíkt próf. Með umsókninni skulu fylgja vottorð um, að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

Umsækjandi skal:

1. vera fullra 18 ára;
2. fullnægja gildandi fyrirætlum alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) um líkamshreysti loftskeytamanna í loftförum, að dómi trúaðarlæknis flugmálastjórnarinnar;
3. hafa lokið 2. flokks loftskeytaprófi og starfað að minnsta kosti 4 mánuði sem loftskeytamaður;